

Sp.

326. Tillaga til þingsályktunar

[168. mál]

um sumaravinnu framhaldsskólanema.

Flm.: Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Jónas Jónsson, Björn Pálsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess að tryggja, svo sem auðið er, að framhaldsskólanemar eigi kost góðrar sumaravinnu.

Greinargerð.

Hin löngu sumarfrí íslenzkra framhaldsskólanema — sem óvíða tíðkast meðal annarra þjóða — hafa gert mörgu efnalitlu ungmenninu kleift að stunda langskólánám, sér og þjóðfélaginu til gagns. Undangengin velgengnisár, 1960—1966, var tiltölulega auðvelt um atvinnu fyrir skólafólk við sæmilega arðbær störf. En sumarið 1967 tók þetta að breytast til hins verra, og á s. l. ári var mjög erfitt um sumaravinnu fyrir skólafólk, og gekk það hundruðum saman atvinnulaust, meira eða minna. Því miður eru horfur um breytingar til bóta á komandi sumri næsta litlar, og óttast margir, að ástandið verði jafnvel enn þá verra en á s. l. sumri. Svo má ekki til ganga.

Erfitt hefur reynt að fá upplýsingar hjá yfirvöldum fræðslumála um tölu atvinnulausra framhaldsskólanema á s. l. sumri. Upplýsingar hefur helzt verið að fá hjá vinnumiðlun stúdenta, og á vegum menntaskólanna fór fram könnun s. l. ár um atvinnuhorfur menntaskólanema. Væri æskilegt, að ríkið styrkti með fjárframlögum sameiginlega vinnumiðlunarstöð á vegum framhaldsskólanema. Væri vafalaust hagræði að því, bæði fyrir framhaldsskólanema og þá atvinnurekendur, sem hjálpa vildu efnalitlum nemendum á námsbrautinni með því að veita þeim sumaravinnu.

Íslenzka þjóðin á mikið undir því, að skólaæskan eigi almennt kost góðrar menntunar í framhaldsskólunum við góð starfsskilyrði og lífrænt nám. Margir telja slíkt beztu fjárfestingu, sem völ sé á. Það má aldrei á þjóðfélag okkar sannast, að hundruð efnilegra námsmanna, sem leggja vilja fyrir sig framhaldsnám, geti það ekki af fjárhagsástandum. Ef hin löngu sumarfrí notast skólafólkkinu ekki vegna atvinnuleysis til fjáröflunar fyrir framhaldsnámið, er gagnsemi þeirra engin. Er þá eðlilegra að hverfa til þess fyrirkomulags, sem erlendis tíðkast, að hafa sumarleyfin skemmri og útskrifa framhaldsskólanemendur yngri úr skólunum út í atvinnulífið. Yrði horfið að því, þyrfti nauðsynlega að stórauka námslánin og námsstyrkina frá því, sem er, svo að efnaminni nemendur geti stundað langskólánám alveg eins og þeir, sem betur eru efnum búnir.

tíma bærust svör frá 4 þeim, er leitað var umsagnar hjá: Stjórnnum ASÍ, Stéttar-sambands bænda og Farmanna- og fiskimannasambandsins, er mæltu með samþykkt þingsályktunartillögunnar, og Seðlabankanum, er hvorki mælti með né gegn henni, en upplýsti, að sérstök nefnd hefði fjallað um gjaldeyris- og útflutningsmálin að tilhlutan gjaldeyrisbankanna í samráði við viðskiptamálaráðherra árið 1967 og skilað um þau ýtarlegu álit snemma á s. l. ári og hefðu ýmsar af tillögum nefndarinnar þegar komið til framkvæmda, einkum að því er varðar útflutningsreglur og gjald-eyrisskil, en aðrar væru í athugun.

Snemma í febrúar ítrekaði allsherjarnefnd beiðni sína um umsagnir til þeirra, er ekki höfðu svarað henni fyrir þinghlé, og barst þá umsógn frá LIÚ, sem tjáði það álit sitt, að nefndarskipun eins og þáttill. gerði ráð fyrir væri óþörf. Aðrir aðilar svöruðu ekki þrátt fyrir ítrekun, þ. e. SÍS, S.H., Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Félag ísl. iðnrekenda.

Á fundi sínum 3. marz s. l. tók nefndin þáttill. til afgreiðslu, en varð ekki sammála um hana. Í ljósi upplýsinga Seðlabankans sem og þess, að engir þeirra aðila, sem spurðir voru og mest hafa með útflutnings- og gjaldeyrismál að gera, virðast hafa áhuga á að mæla með greindri nefndarskipun, sjá undirritaðir nefndarmenn ekki ástæðu til að mæla með samþykkt þáttill., en leggja til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 5. marz 1969.

Bragi Sigurjónsson,
form., frsm.

Jónas Pétursson,
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Friðjón Þórðarson.

Ed. 328. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytinga gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 6. marz 1969.

Pétur Benediktsson,
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr.

Sveinn Guðmundsson.

Jón Árnason.

Jón Kjartansson.

Bjarni Guðbjörnsson.

Gils Guðmundsson.

Nd. 329. Lög [77. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16 24. apríl 1965.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 96.

Ed. **330. Lög** [4. mál]
um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Afgreidd frá Ed. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 158 (sbr. 4).

Ed. **331. Lög** [51. mál]
um Þjóðskjalsafn Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 54.

Nd. **332. Nefndarálit** [100. mál]
um frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt þetta frv. vandlega og leitað álits nokkurra aðila á því, þjóðminjavarðar, húsameistara ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sambands isl. sveitarfélaga. Páll Lindal borgarlögmaður skrifaði ýtarlega álitsgerð fyrir tvo síðastnefnda aðila. Þá komu þeir á fund nefndarinnar Þór Magnússon þjóðminjavörður og Hörður Ágústsson listmálari.

Nefndin telur frv. vera mikilvægan bálk og vel unninn, en mest nýjung er að IV. kafla, sem fjallar um friðun húsa og annarra mannvirkja.

Það er tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, en um þær eru tillögur á sérstöku þingskjali. Helzta efnisbreytingin er sú, að sveitarfélögum er bætt í IV. kafla sem aðilum að húsafriðun. Aðrar brtt. verða skýrðar í framsögu.

Alþingi, 7. marz 1969.

Benedikt Gröndal,
form.
Gunnar Gíslason.

Sigurvin Einarsson,
frsm.
Magnús Kjartansson.
Birgir Kjaran.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr.
Hannibal Valdimarsson.

Nd. **333. Breytingartillögur** [100. mál]
við frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Eigi má nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsinga-
skyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi
þjóðminjavarðar.

2. Við 9. gr. (verður 10. gr.) bætist ný mgr.:

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta
friðunar áfram.

Alþt. 1968. A. (89. löggjafarþing).

155

3. Við 16. gr. (verður 17. gr.). Síðasta mgr. orðist svo:
Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveizlu slíkra muna, ef sérstaklega stendur á.
4. 18. gr. (verður 19. gr.) orðist svo:
Ekki má flytja úr landi neina muni eða gripi, sem eru eldri en 100 ára, nema þjóðminjavörður leyfi. Skiptir ekki máli, hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar, úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um, ef þeir þykja sérstaklega merkilegir.
5. Á eftir 21. gr. (verður 22. gr.) komi tvær nýjar greinar:
 - a. (23. gr.) Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi, sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um, að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveizlu gripanna.
 - b. (24. gr.) Sé kirkja lögð niður, skulu gripir hennar renna til safns, samkvæmt ákvæðum 23. gr., eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófests. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur.
Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign, ef seldir verða.
6. 23. gr. (verður 26. gr.) orðist svo:
Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.
Heimilt er sveitarstjórn (bæjarstjórn eða hreppsnefnd) að ákveða friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar.
Í húsafriðunarnefnd eiga fimm menn sæti. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til 4 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar.
7. 1. mgr. 27. gr. (verður 30. gr.) orðist svo:
Óheimilt er án leyfis húsafriðunarnefndar að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign í A-flokki og á ytra byrði húsa eða húshlutum í B-flokki. Viðhald skal framkvæmt á þann hátt, að það breyti í engu upphaflegum svip eða gerð hússins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús.
8. Síðari mgr. 31. gr. (verður 34. gr.) orðist svo:
Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir, getur húsafriðunarnefnd veitt eigna styrk til viðhalds á eigninni, ef hún telur það sanngjarnt vegna friðunar-ákvæða, enda hafi verið veitt fé á fjárlögum í þeim tilgangi. Hafi friðun verið ákveðin samkvæmt 2. mgr. 23. gr., ákveður sveitarstjórn styrkinn og greiðist hann úr sveitarsjóði.
9. Við 32. gr. (verður 35. gr.).
 - a. Aftan við 1. mgr. bætist: Hafi sveitarstjórn ákveðið friðun, sendir nefndin henni erindið til ákvörðunar á sama hátt.
 - b. Aftan við 2. mgr. bætist: Hið sama gildir um sveitarstjórn, sem ákveðið hefur friðun.
 - c. Aftan við 3. mgr. bætist: Hið sama gildir um sveitarstjórn, eftir því sem við á.
 - d. Á eftir orðinu „ríkisins“ í 4. mgr. bætist: eða sveitarstjórnar.
10. Við 36. gr. (verður 39. gr.).
 - a. Í stað orðsins „sveitastjórnarfélag“ í 1. mgr. komi: sveitarfélag.
 - b. Við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Pau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar skv. eldri lögum, skulu halda henni framvegis, þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

11. 40. gr. (verður 43. gr.) orðist svo:

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhírðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhírðu, getur menntamálaráðherra, að tillögu þjóðminjavarðar, ákveðið, að gripir þess skuli renna til þjóðminjasafnsins og verða eign þess upp frá því.

Ed.

334. Frumvarp til laga

[169. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Heiti laganna skal vera læknalög.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita lækna, er lokið hafa prófi við læknaeild Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknaeild setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi samkv. 1. mgr. skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknaeildar háskólans.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenskir ríkisborgarar, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum og eru lögráða, enda mæli læknaeildin og landlæknir með leyfisveitingunni. Ráðherra getur þó veitt tíma- bundið lækningaleyfi mönnum, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, ef þeir fullnægja ákvæðum 1. mgr. 3. gr., hafa lokið prófi í læknisfræði frá viðurkenndum háskóla og hafa nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi landlæknis, enda sé um að ræða tiltekið læknisstarf, er enginn íslenskur læknir hefur fengizt til að gegna.

Læknaeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu ófærir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturfjandrotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknisbéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

3. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Um meðmæli samkv. þessari grein ber læknaeild og landlækni að gæta hins sama og tekið er fram í 4. mgr. 2. gr.

4. gr.

Á eftir IV. kafla, 21. mgr., komi nýr kafli, er verður V. kafli, 22.—26. gr., svo hljóðandi:

Sérákvæði um ávísanir lækna á ávana- og fíknilyf.

22. gr. — Nú telur landlæknir rökstudda ástæðu til að hafa eftirlit með ávísunum læknis á tiltekin ávana- og fíknilyf, og getur ráðherra þá eftir tillögu

landlæknis lagt fyrir lækinn að halda skrá yfir ávísanirnar og skrá þar m. a. nafn, aldur og heimilisfang sjúklings, heiti, magn og útgáfudag ávísðra lyfja og tilefni notkunar þeirra. Um skráninguna og skil á skýrslum vegna hennar fer að öðru leyti eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Ákvæði fyrstu málsgreinar taka einnig til eigin notkunar lækna á ávana- og fíknilyfjum.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hvaða lyf skuli teljast ávana- og fíknilyf samkv. þessum kafla.

23. gr. — Ef lækni sá, sem á hefur verið lögð skráningarskylda samkv. 22. gr., hlítir ekki fyrir mælum þar að lútandi eða verður uppvis að því að ávís (sjálfum sér eða öðrum) ávana- og fíknilyfjum, þannig að óhæfilegt þykir, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Er ráðherra þá heimilt, að fenginni umsógn læknadeildar háskólans, að svipta lækinn leyfi til að ávís slíkum lyfjum, öllum eða einstökum flokkum þeirra, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 20. gr.

Nú verður lækni, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda samkv. 22. gr., uppvis að því að ávís sjálfum sér óhæfilegu magni ávana- og fíknilyfja, og þykir atferli hans alvarlegra eðlis en svo, að skráningarskyldu verði beitt, og má þá svipta hann leyfi samkv. fyrstu málsg. Þó skal lækningum gefinn kostur á að skýra málstað sinn munnlega, áður en leyfissvipting fer fram, en að öðru leyti fer um málsmeðferð og fyrirvara eftir ákvæðum fyrstu málsg.

24. gr. — Lækni getur afsalað sér rétti til að ávís ávana- og fíknilyfjum eða tilteknum flokki (flokkum) slíkra lyfja um tiltekinn eða ótiltekinn tíma.

25. gr. — Nú hefur lækni ekki leyfi til að ávís ávana- og fíknilyfjum samkv. ákvæðum 23. eða 24. gr., og má hann þá með leyfi ráðherra og að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

26. gr. — Lækni, sem sviptur hefur verið leyfi til að ávís ávana- og fíknilyfjum, getur fengið til þess leyfi á ný, að fengnum tillögum landlæknis og læknadeildar háskólans.

5. gr.

V. kafli laganna verður VI. kafli, og 22. gr. verður 27. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 51 30. maí 1942, lög nr. 27 21. maí 1960 og lög nr. 26 23. marz 1961, öll um breyting á 2. gr. laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta til breytinga á lögum um lækningaleyfi o. fl. er samið á vegum landlæknis, og eru breytingar þær, sem í því felast, aðallega tvenns konar:

1. Heimild til að veita erlendum ríkisborgurum tímabundið lækningaleyfi hér á landi, þegar nánara tiltekin skilyrði eru fyrir hendi.
2. Heimild til að skylda lækna til að halda skrá yfir ávísanir á ávana- og fíknilyf, ef landlæknir telur ástæðu til, og einnig heimild til að svipta lækni leyfi til að ávís slíkum lyfjum.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Af hagkvæmnisástæðum þykir rétt að stytta heiti laganna (lög um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottu-lækningar), enda er heiti þeirra sjaldan notað óstytt.

Um 2. gr.

2. gr. laganna hefur oftsinnis verið breytt, og þótti því rétt að skrifa greinina í heild upp í stað þess að bæta við hana enn nýrri málsgrein. Hafa um leið verið gerðar nokkrar smábreytingar á þeim ákvæðum, sem efnislega eru óbreytt, og eru þessar helztar:

Fellt er niður úr fyrstu málsgrein ákvæði um framhaldsnám í fæðingarhjálp. Virðist ástæðulaust að lögbinda nám í einni grein læknisfræði öðrum fremur, og eiga slík ákvæði heima í reglugerð. Einnig er bætt í 3. mgr. skilyrði um lögræði til þess að öðlast lækningaleyfi. Virðist eðlilegt, að mönnum, sem sviptir hafa verið lögræði (sjálfræði eða fjárræði), séu ekki veitt slík réttindi, sem í lækningaleyfi felast.

Síðari málsliður 3. málsgr. 1. gr. frumvarpsins er nýmæli. Með ákvæðinu er sérstaklega haft í huga, að hugsanlegt muni vera að fá erlenda lækna til að gegna læknis-heruðum, en héraðslæknaskortur er nú geigvænlegur hér, eins og kunnugt er.

Um 3. gr.

Hér er aðeins breytt tilvísun í 2. gr. í samræmi við frumvarp þetta.

Um 4. gr.

Í lyfjalöggjöf eru reistar skorður við ávisunum á ávana- og fíknilyf, en með þessum heitum er átt við lyf, sem eiga það sameiginlegt, að menn geta orðið sógnir í þau við notkun og meira eða minna háðir þeim. Er þar að nefna eftirritunarskyldu allmargra lyfja, svo að unnt er að fylgjast með útlátum þeirra, hvaða lækna ávísa þeim og hverjir nota þau. Sömuleiðis er takmarkað það magn nokkurra lyfja, sem ávísa má á einum og sama lyfseðli. Í lögum um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna o. s. frv., eru viðurlög við eiturlyfjanotkun (þ. e. óhæfilegri notkun ávana- og fíknilyfja) lækna, fólgin í sviptingu lækningaleyfis, en að öðru leyti aðeins almenn ákvæði, sem óvarlegar eða óhóflegar lyfjaávisanir mundu falla undir.

Misnotkun „eiturylfja“ í þröngri merkingu, þ. e. morfíns, kókaíns, heróíns, maríhúana (hashish), LSD, er naumast verulegt vandamál hér á landi. Helzt er um að ræða misnotkun á morfinflokknunum og syntetískum lyfjum með áþekkri verkun. Hins vegar nota margir svefnlyf, róandi lyf og örvandi lyf í óhófi, og eiga lækna oftlega mjög í vök að verjast vegna ásóknar fólks í slík lyf.

Tímabært þykir því að setja inn í lækningaleyfislögin frekari og bein ákvæði um meðferð lækna á ávana- og fíknilyfjum. Er þá ekki einungis haft í huga að beita viðurlögum þá lækna, sem uppvisir verða að óvarlegri meðferð þessara lyfja, heldur engu síður það, að slík ákvæði gætu verið læknum vörn gegn ágengni sjúklinga og þannig spornað óbeint við óeðlilegum ávisunum á þau. Jafnframt yrði um fleiri stig viðurlaga að ræða en samkv. núgildandi löggjöf. Svipting lækningaleyfis er svo alvarleg „refsing“, að henni er aldrei beitt nema í algert óefni sé komið. Vægari viðurlög, sem beitt yrði í tæka tíð, gætu ef til vill komið í veg fyrir, að gripa þyrfti til alvarlegri aðgerða. Fyrsta stigið er þá skráningarskylda samkv. 22. gr. í 4. gr. frumvarpsins. Læknir heldur öllum réttindum sínum, en honum ber að gera ráðherra nákvæma grein fyrir ávisunum á ávana- og fíknilyf. Annað stigið er svipting leyfis til að ávísa ávana- og fíknilyfjum samkv. 23. gr. í 4. gr., en önnur réttindi læknisins eru óskert. Vitaskuld veldur það lækni erfiðleikum í starfi að vera sviptur slíku leyfi, og til beggja vona getur brugðið um það, hvort honum tekst að fá annan lækni þil að taka að sér að ávísa fyrir hann, sbr. 25. gr. í 4. gr. Þó ætti það að vera vel framkvæmanlegt, þar sem fleiri en einn læknir situr í héraði. Þriðja stigið er svo alger svipting lækningaleyfis samkv. 20. gr. núgildandi laga, og yrði það væntanlega sú ráðstöfun, sem jafnaðarlega yrði síðast gripið til.

Með þessar almennu athugasemdir í huga ætti að vera óþarft að skýra einstakar greinar í 4. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]
um skólasjónvarp.

Flm.: Jónas Árnason, Björgvin Salómonsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hraða sem mest má verða undirbúningi skólasjónvarps.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1964 skilaði sérstök sjónvarpsnefnd (skipuð útvarpsráðsmönnum og útvarpsstjóra) skýrslu, sem menntamálaráðuneytið hafði falið henni að gera til undirbúnings íslensku sjónvarpi. VIII. kafli þessarar skýrslu fjallar um skólasjónvarp og hljóðar svo:

„Kafllinn um dagskrá sjónvarps ber með sér, að áform eru um eins konar „kvöld-skóla“ í sjónvarpi, þar sem hafa mætti samfellda kennslu í einstökum greinum. Hefur slík kennsla í tungumálum og fleiri greinum borið sérstaklega góðan árangur víða um lönd, meðal annars á Norðurlöndum.

Þegar rætt er um skólasjónvarp, er hins vegar átt við dagskrá, sem beint væri inn í skólana og nemendur tiltekinna bekkja horfðu á í kennslustundum í skólanum. Er slík kennsla notuð í vaxandi mæli erlendis, enda þótt hún sé vandasöm og krefjist nákvæmrar skipulagningar.

Mikill áhugi er á slíku skólasjónvarpi hjá fræðslufirvöldunum. Nokkur síðustu ár hafa sjónvarpsleiðslur verið settar í nýjar skólabyggingar, þar á meðal Kennaraskólann og 4—5 nýjustu skóla Reykjavíkur, og má af því marka, að ráðamenn íslenskra fræðslumála telja sjónvarp meðal kennslutækja næstu framtíðar.

Sjónvarpskennsla hentar vissum greinum mjög vel, til dæmis eðlisfræði og efnafræði. Hún gæti að nokkru bætt upp skort á sérmenntuðum kennurum og sérstöku kennslustofum.

Sérstök ástæða er til að benda á, hvaða þýðingu sjónvarpskennsla mundi hafa í hinum dreifðu byggðum, þar sem ógerningur er að hafa sérmenntaða kennara í einstökum greinum og dýrustu kennslutæki í sérgreinum eru ekki til. Þar mundi sjónvarpið jafna mjög aðstöðu lítilla skóla og stórra, svo og skóla í dreifbýli og þéttbýli.

Allur undirbúningur undir íslenskt sjónvarp gildir jöfnum höndum fyrir skólasjónvarp. Komið verður upp sendistöðvum, sem aðeins verða notaðar 2—3 stundir á dag, og verður tæknilega unnt að sjónvarpa til skólanna morgun- og síðdegisstundir. Er því rétt að taka fljótlega til sérstakrar athugunar, að hvaða leyti skólakerfið getur hagnýtt sér þá aðstöðu, sem sjónvarpið mun opna því, en um það verður að sjálf-sögðu að vera náð samstarf milli sjónvarpsins og fræðslufirvalda.“

Skýrsla þessi er nú orðin 5 ára gömul, og íslenskt sjónvarp hefur þegar starfað í hálf þriðja ár, og enn hólar þó ekkert á skólasjónvarpi, ef undan er skilin nokkur enskukennsla fyrir byrjendur. Sú kennsla mun hafa verið upp tekin að frumkvæði sjónvarpsins sjálfs, en skipulegt og viðtækt skólasjónvarp hlýtur hins vegar að teljast í verkahring fræðslufirvaldanna, enda mun takmarkað starfslið sjónvarpsins þegar hafa ærin verkefni á sinni könnu. Og virðist af þessu tilefni ekki úr vegi að spyrja, hvers vegna svo lítið hafi í reyndinni borið á þeim mikla áhuga fræðslufir-

valdanna á skólasjónvarpi, sem um er rætt í ofanskráðum kafla úr hinni 5 ára gömlu skýrslu sjónvarpsnefndar.

Í kafla þessum er áreiðanlega ekkert ofsagt um þýðingu skólasjónvarps og vissulega ekki ófyrirsynju, að nefndin vekur í því sambandi sérstaka athygli á vandkvæðum skólahalds í hinum dreifðu byggðum vegna skorts á sérmenntuðum kennurum og nauðsynlegum kennslutækjum í sérgreinum ýmsum. Aðstöðumunur skólanna í dreifbýlinu annars vegar og þéttbýlinu hins vegar er svo mikill, að ekki getur talizt vansalaust, að til lengdar séu látnir ónotaðir hinir margvíslegu möguleikar skólasjónvarps til að jafna hann.

Sp. 336. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]
um stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að unnt verði að hefja sem allra fyrst byggingarframkvæmdir við stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans, þar sem meðal annars verði komið upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga.

Greinargerð.

Það hefur lengi verið vitað, að brýn þörf væri á því að stækka húsnæði það, er Fæðingardeild Landsspítalans hefur til umráða, og að koma þar upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga. Meðal annars voru gerðar teikningar að umræddum framkvæmdum þegar á árinu 1956. Í fæðingardeild eru nú aðeins 16 rúm, sem ætluð eru kvensjúkdómasjúklingum, og er það auðvitað langtum of lítið, auk þess sem allar aðstæður á deildinni eru mjög óhægar.

Þá þarf að tryggja Cobalt-tækjum þeim, sem Landsspítala hafa borizt að gjöf, varanlegan og viðeigandi samastað, sem auðvelt mundi að gera í sambandi við þá stækkun, sem hér er ráðgerð.

Bandalag kvenna í Reykjavík ályktaði um mál þetta á fundi, sem haldinn var 18. og 19. nóvember s. l., og hefur með bréfi, dags. 26. febrúar 1969, sent öllum alþingismönnum þá tillögu, sem þar var samþykkt. Tillagan er prentuð sem fylgiskjal með greinargerð þessari, og vísast til hennar um nánari atriði.

Þess skal að lokum getið, að yfirgnæfandi meiri hluti allra starfandi kvenna á Landsspítala hefur undirritað áskorun til heilbrigðisstjórnar og Alþingis, þar sem þeirri eindregnu kröfu ljósmæðra, nema og annars starfsfólks Landsspítalans er lýst, að starfsaðstaðan í fæðingardeildinni verði tafarlaust bætt.

Hér er greinilega um hið mesta nauðsynjamál að ræða, sem óverjandi er að fresta lengur.

Fylgiskjal.

BANDALAG KVENNA Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. febrúar 1969.

Á aðalfundi Bandalags kvenna í Reykjavík, sem haldinn var dagana 18. og 19. nóvember, var eftirfarandi tillaga samþykkt. Einnig samþykkti fundurinn, að tillagan skyldi send heilbrigðismálaráðherra, fjárveitinganefnd og öllum þingmönnum.

Meðfylgjandi greinargerð fylgdi tillögunni frá heilbrigðismálanefnd Bandalagsins, þegar tillagan var flutt á aðalfundinum:

Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík, haldinn dagana 18.—19. nóv. 1968, vill hér með benda heilbrigðisyfirvöldunum á þá brýnu nauðsyn að stækka Fæðingar- deild Landsspítalans og við þá stækkun verði komið upp sérstakri kvensjúkdóma- deild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga. Fundurinn skorar því á hæst- virt Alþingi að veita nú á þessu þingi fé til þess að hefja án tafar löngu fyrirhugaða viðbyggingu þessara deilda Landsspítalans.

Greinargerð.

Sérdeild fyrir kvensjúkdóma er, eins og kunnugt er, aðeins ein á landinu og er starfrækt í hluta af Fæðingar- deild Landsspítalans.

Í fæðingar- deild Landsspítalans eru sjúkradeildir á tveimur hæðum, á neðri hæð eru 24 rúm, eingöngu ætluð sængurkonum, en á efri hæðinni eru 29 rúm, en af þeim eru 10 ætluð konum með sjúkdóma á meðgöngutímanum, 3 rúm fyrir sængurkonur, en aðeins 16 rúm fyrir kvensjúkdómasjúklinga.

Deildin er skyld lögum samkvæmt að taka við sjúklingum vegna fóstureyðinga og vanana, þeir sjúklingar eru um 100 á ári.

Konur, sem fá krabbamein í móðurlif, eru sendar á deildina frá öllu landinu, því að þar er einasta aðstaðan til radíumlækninga.

Svo sem kunnugt er, tekur Fæðingar- deild Landsspítalans einnig við afbrigði- legum fæðingum, sem og öðrum, alls staðar af landinu, t. d. flestum keisaraskurðum.

Fæðingar- deild Landsspítalans er eina kennsludeildin hér á landi fyrir ljósmæður og lækna- stúdenta á þessu sviði.

Meðal annars þess vegna er mikil þörf á, að þar séu allar aðstæður sem full- komnastar, en mikið vantar á, að svo sé nú.

Á fæðingar- deildinni er víðast endurbóta þörf, t. d. er engin setustofa fyrir konur. Þá eru salernin fá og ekki til fyrirmyndar, og svo mætti lengi telja.

Allar aðstæður á kvensjúkdómadeildinni eru þannig, að hæpið má teljast, að hægt verði að fá fólk til að vinna við slík skilyrði.

Mikil aðsókn hefur leitt til þess, að neyðzt hefur verið til að nota deildina til hinna ólíkustu verkefna, sem að framan greinir.

Í leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands hefur verið unnið mikið og gott starf undanfarin ár, og þar hafa fundizt ýmis grunsamleg tilfelli, sem unnt hefur verið að lækna vegna þess, að sjúkdómurinn reyndist á lágu stigi.

En finnist grunsamlegt tilfelli, liggur leið þessa sjúklings ekki beint á deildina, sem þó er talið nauðsynlegt, heldu skrifast nafn sjúklingsins á biðlista deildarinnar.

Þessi áður nefndu 16 rúm geta engan veginn leyst sárasta vanda allra þeirra kvensjúkdómatilfella, sem aðeins ættu að meðhöndlast á sérdeild, en ekki á almennu sjúkrahúsi.

Margir þessara sjúklinga hafa dreifzt meira og minna tilviljanakennt á önnur sjúkrahús, og er ekki að vita, hve margar konur hafa hlotið tjón af.

Hér vantar ekki aðeins sjúkrarúm — heldur svo að segja allt svigrúm til starfa, t. d. er aðeins ein skurðstofa á stofnuninni og þar fara allar aðgerðir fram, nánar tiltekið á 9. hundrað aðgerðir á ári, hvort sem um er að ræða keisaraskurð, afbrigði- legar fæðingar eða krabbamein, á hvaða stigi sem er.

Enn eitt vandamálið er það, að vegna skorts á fullkominni geislameðferð hafa lækna- r deildarinnar neyðzt til þess að koma konum til geislameðferðar erlendis, sem er óhæfilega dýrt bæði fyrir einstaklinga og tryggingar, auk annarra vandkvæða.

Nú stendur það til, að Landsspítalanum verði gefið Cobalt-geislataeki, en Cobalt- geislameðferð er ein sú fullkomnasta, sem þekkist.

Fyrir Cobalt-geislataeki er ekkert pláss í Landsspítalanum, og ætla má, að ekki verði úr því bætt á viðunandi hátt, nema með stækkun geisladeildarinnar. Rætt hefur

verið um, að geisladeildin verði í nánnum tengslum við fyrirhugaða viðbyggingu fæðingardeildarinnar.

Viðbygging fæðingardeildarinnar er löngu fyrirhuguð. Árið 1956 var upphaflega teikningin gerð, en tólf ár eru liðin síðan. Eins og ástandi og aðstæðum fæðingardeildarinnar er háttað og þegar hefur verið lýst, er það augljóst mál, að ekki má lengur við svo húið standa.

Engum stendur það nær en konum að beita öllum tiltækum ráðum til að koma málinu í rétt horf.

Konurnar, sem stóðu fyrir stofnun Landsspítalans, hafa gefið okkur fordæmið.

Virðingarfyllst,

Guðrún P. Helgadóttir.

Nd. 337. Frumvarp til laga [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Bjartnar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi land það, sem tilheyrir Hauganesi í þeim hreppi, fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Árskógshrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrætt land eða hluta af því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Land það, sem Hauganesi tilheyrir, er í eigu ríkisins. Meginhluti þessa lands var tekinn undan Selá, sem er ríkisjörð. Enn fremur er lítið horn af þessu landi út úr Brimnesi. Sú jörð er í einkaeign, en ríkið keypti þessa landsspildu undan Brimnesi fyrir nokkrum árum.

Hauganes er vaxandi útgerðarstaður, með rúmlega 100 íbúa. Íbúarnir eru óánægðir með það að þurfa að sækja mál sín til Reykjavíkur, t. d. vegna mannvirkjagerðar, og telja það mikið hagsmunamál, að hreppurinn eignist landið, sem staðnum tilheyrir. Á fundi hreppsnefndar Árskógshrepps hinn 15. febrúar 1969 var samhljóða samþykkt að gera þegar ráðstafanir til þess að afla heimildar Alþingis til að fá land Hauganess keypt, að sjálfsögðu miðað við það, að landið fáið með aðgengilegum kjörum.

Nd. 338. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „sjósaltaðrar“ komi: og ísvarinnar.
2. Við fyrirsögn: Á eftir orðinu „sjósaltaðrar komi: og ísvarinnar.

Alþt. 1968. A. (89. löggjafarþing).

156

Þessar brtt. eru fluttar að ósk sjávarútvegsmálaráðuneytisins, sbr. bréf, dags. 28. febrúar s.l., sem birt er með nál. þessu sem fylgiskjal.

Alþingi, 10. marz 1969.

Birgir Finnsson, Sverrir Júlíusson, Lúðvík Jósepsson.
form., frsm. fundaskr.
Pétur Sigurðsson. Jón Skaftason. Guðl. Gíslason. Björn Pálsson.

Fylgiskjal.

SJÁVARÚTVEGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 28. febrúar 1969.

Ráðuneytið fer þess hér með á leit við háttvirta sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis, að hún hlutist til um, að eftirgreind breyting verði gerð á frumvarpi til laga um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar sildar af fjarlægum miðum sumarið 1968, en frumvarpi þessu, sem er staðfesting á bráðabirgðalögum, hefur verið vísað til nefndarinnar.

Á eftir orðinu „sjósaltaðrar“ í fyrirsögn og 1. gr. laganna komi orðin „og ísvarinnar“.

Ástæður þessarar óskar ráðuneytisins eru þær, að hinn 2. ágúst s.l. setti ráðuneytið reglugerð um flutning á saltaðri og ísaðri síld, en reglugerð þessi var sett samkvæmt bráðabirgðalögum. Í 2. gr. reglugerðarinnar er svo hljóðandi ákvæði:

„Úr flutningasjóði er heimilt að verja allt að 3 millj. króna til þess að styrkja flutninga á ísvarinni síld af fjarlægum miðum, eða varinni á annan hátt, sem söltunarhæf berst á land. Styrkurinn skal aðeins greiddur fyrir síld, sem veiðt hefur fjær íslenskri höfn en 300 sjómíli, og skal vera kr. 60.00 fyrir hverja uppsaltaða tunnu. Fella skal niður alla flutningastyrki, þegar síldin er komin það nálægt, að hún geti borizt söltunarhæf að landi í veiðiskipum án ísunar.“

Ákvæði þetta var sett samkvæmt tillögum sildarútvegsnefndar og eftir að samtök sildarsaltenda, útvegsmanna og sjómanna höfðu samþykkt, að ákvæði þetta yrði sett í reglugerðina. Er nauðsynlegt til að taka af allan vafa um lögmæti þessa ákvæðis reglugerðarinnar að bæta við orðunum „ísvarinnar“ í fyrirsögn og 1. gr. laganna.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 339. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]
um Listasafn Íslands.

Flm.: Magnús Kjartansson, Birgir Kjaran, Benedikt Gröndal,
Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að sem fyrst verði teknar ákvarðanir um lóð handa Listasafni Íslands og hafinn undirbúningur að byggingum. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að gera áætlanir og tillögur um nauðsynlega fjáröflun, til þess að framkvæmdir geti gengið sem greiðlegast.

Greinargerð.

Nýlega hefur verið vakin athygli á því á Alþingi, að húsakostur Listasafns Íslands er ófullnægjandi með öllu. Þjóðminjasafnshúsið hefur reynzt svo illa byggt og gallað, að alvarlegt tjón hefur þegar hlotizt af, auk þess sem þar skortir útbúnað, sem hvarvetna er talinn óhjákvæmilegur í málverkasöfnum, tæki til þess að tryggja sem jafnast hitastig og rakastig. Ætlunin er að bæta úr þessum annmörkum með viðgerð á húsinu og með því að koma listaverkum fyrir í geymslu á öðrum stað.

Umbætur á þessum sviðum breyta þó ekki þeirri staðreynd, að vistarverur listasafnsins eru fyrir löngu orðnar til muna of litlar. Safnið á nú um 1700 listaverk, en ekki er unnt að sýna nema svo sem hundrað þeirra í senn, svo að landsmenn eiga þess mjög takmarkaðan kost að kynnst þessum listaverkum sínum. Engin aðstaða er til þess að hafa yfirlitssýningar og sérsýningar, sem hvarvetna eru ríkur þáttur í störfum listasafna. Engin aðstaða er heldur í húsakynnum safnsins til náms og rannsóknna eða til kennslu og fyrirlestrahalds.

Þegar Alþingi setti lög um Listasafn Íslands og stofnaði byggingarsjóð þess, var tekin ákvörðun um að reisa hús fyrir listasafnið. Tímabært er að hefjast handa um að framkvæma þá ákvörðun. Frumskilyrði er að festa lóð handa safninu, því að fyrir er ekki unnt að gera teikningar af húsakynnum, en það verður mikið og vandasamt verkefni og mun taka langan tíma. Kostnaður við byggingarframkvæmdir verður að sjálfsögðu mikill, og eignir byggingarsjóðs listasafnsins munu hrökkva skammt, þegar framkvæmdir hefjast fyrir alvöru, og því er nauðsynlegt, að þegar verði gerðar áætlanir um fjáröflun.

Ed. 340. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um leiklistarskóla ríkisins.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Það var upplýst í n., að menntamálaráðherra hefur með bréfi dags. 20. jan. s. l., skrifað þjóðleikhúsráði, Leikfélagi Reykjavíkur, Félagi ísl. leikara og Reykjavíkurborg og farið þess á leit, að þessir aðilar tilnefndu fulltrúa af sinni hálfu til þess að taka sæti í nefnd til þess að athuga og gera tillögur um sameiningu þeirra tveggja leiklistarskóla, sem áður nefnd leikhús nú reka, og gera í því sambandi áætlun um stofn- og rekstrararkostnað.

Með vísun til ofanritaðs leggur meiri hl. til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 10. marz 1969.

Auður Auðuns,
form., frsm.

Ólafur Björnsson,
fundaskr.

Steinþór Gestsson.

Jón Þorsteinsson.

Sp. 341. Fyrirspurn [174. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvenær má vænta þess, að hafizt verði handa um að stækka Fæðingardeild Landsspítalans og koma þar upp sérstakri kvensjúkdómadeild með aðstöðu til nútíma geislalækninga?

Sp.

342. Nefndarálit

[18. mál]

um till. til þál. um lækkun tolla á eignum og vélum til iðnaðarins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft till. þessa til athugunar. Málið var sent til umsagnar Félagi ísl. iðnrekenda, Sjávarafurðadeild SÍS og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Sams konar þáltill. lá fyrir síðasta Alþingi og var send sömu aðilum til umsagnar. Tveir svöruðu nú og vísuðu til umsagnar sinnar um málið frá síðasta Alþingi. SH mælir með, að tollar af vélum og eignum til fiskiðnaðarins verði felldir niður. Félag ísl. iðnrekenda er meðmælt till., en bendir á viss vandkvæði, sem athuga þurfi við framkvæmd málsins. Rætt var í nefndinni um það, að endurskoðun tollamálanna stæði yfir, og voru sumir nefndarmenn ekki reiðubúnir að taka afstöðu til málsins og töldu það óeðlilegt vegna yfirstandandi endurskoðunar tollalaga. Nefndin klofnaði um afgreiðslu þess. Mun minni hlutinn, þeir Vilhjálmur Hjálmarsson, Geir Gunnarsson og Jónas Jónsson, skila séráliti. Meiri hlutinn leggur til, að málinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem endurskoðun tollamála stendur nú yfir og augljóst er, að tollamál iðnaðarins falla inn í þá endurskoðun, telur Alþingi ekki rétt að samþykkja þáltill. á þskj. 18, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. marz 1969.

Bragi Sigurjónsson,
form.

Jónas Pétursson,
fundaskr., frsm.

Friðjón Þórðarson.

Matthías Bjarnason.

Sp.

343. Nefndarálit

[106. mál]

um till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á fundi sínum og orðið samnála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Síðasta málsgrein tillgr. orðist svo:

Leitað verði samvinnu við Samband íslenzkra sveitarfélaga og aðra þá aðila, er ástæða þykir til, um endurskoðun þessa.

Jónas Jónsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 11. marz 1969.

Bragi Sigurjónsson,
form., frsm.

Jónas Pétursson,
fundaskr.

Ásgeir Pétursson.

Matthías Bjarnason.

Geir Gunnarsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sp.

344. Tillaga til þingsályktunar

[175. mál]

um byggingu heyrnleysingjaskóla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Einar Ágústsson, Björgvin Salómonsson.

Þar eð Heyrnleysingjaskólinn býr nú við allsendis ófullnægjandi húsnæði, ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að hefja þegar á næsta vori byggingu fyrsta áfanga fyrirhugaðrar byggingar Heyrnleysingjaskólans, svo að honum verði búin forsvaranleg ytri skilyrði og starfsaðstaða og gert unnt að gegna þýðingarmiklu hlutverki sínu.

Greinargerð.

Íslenzka ríkið rekur einn skóla fyrir heyrnarlaus (og mállaus) börn. Munu það flestir mæla, að fátt sé sjálfsagðari þjóðfélagsskylda en að húa vel að slíkri stofnun.

En því miður verður ekki sagt, að svo hafi verið gert. — Þessi skylda hefur verið herfilega vanrækt.

Heyrnleysingjaskólinn býr við allsendis ófullnægjandi húsnæði og starfsaðstöðu.

Það er þá fyrst, að skólinn er illa settur í hávaðasömu iðnaðarhverfi í borginni, og viðbótarhúsnæði, sem honum hefur nýlega verið fengið, er lítt nothæft til slíkrar kennslu, þar eð það liggur að einni fjölförnustu umferðargötu borgarinnar.

Hér við bætist, að húsnæði skólans er í senn mjög óhentugt — margsambyggð gömul hús — og allt of lítið. Viðtalsstofa skólastjóra við börnin er líkari skáp en herbergi, handavinnustofur engar, fimleikasalur enginn, leikherbergi engin og geymslurými ekkert.

Og það sem verst er: Vegna skyndilegrar fjölgunar barna með skerta heyrn er svo komið, að skólinn hefur orðið að senda frá sér börn, sem rétt eiga lögum samkvæmt á skólavist í Heyrnleysingjaskólanum og nauðsynlega þurfa að njóta þar kennslu og leiðsagnar. — Vegna fjölgunar heyrnarlausra barna, sem komast á skólaaldur næsta haust, verður það ástand enn alvarlegra, og fær enginn séð, hvernig fram úr því vandamáli verði ráðið.

En mál heyrnarlausra barna hefur einnig verið afrækt að öðru leyti. Flm. er t. d. ekki kunnugt um, að ríkið hafi varið neinu fé til að fá samdar eða útgefnar sérkennslubækur fyrir heyrnarlaus börn né heldur að fyrir því hafi verið séð á nokkurn viðhlítandi hátt að styðja kennara til sérmenntunar erlendis í kennslu og uppeldi heyrnarlausra barna.

Nokkur ár eru þó síðan yfirstjórn fræðslumála var ljóst, að hér var í mikið óefni komið. Vöknuðu þá vonir um, að rösklegt átak yrði gert í málefnum skólans. Þá voru sett lög um Heyrnleysingjaskólann. Og árið 1967 heimilaði Reykjavíkurborg rúmgóða lóð á skemmtilegum stað undir framtíðarbyggingu skólans. Menntamálaráðherra fékk færan arkitekt til að gera uppdrætti að nauðsynlegum húsakosti og starfsaðstöðu Heyrnleysingjaskólans. Uppdráttum þessum fylgdi líka kostnaðaráætlun. — Og þá voru teknar 300 000 krónur á fjárlög til byggingar Heyrnleysingjaskóla. — Hlæðilega lág upphæð að vísu, en samt, — Var ekki hugsanlegt, að mjór yrði mikils vísir?

Nei, þar með var draumurinn búinn. Enn þá er fjárveitingin frá 1967 eins og eyja í hafinu. Engin fjárveiting í þessu skyni á fjárlögum ársins 1968 og ekki heldur á fjárlögum þessa árs, 1969. — Uppdrættirnir eru enn til, en kostnaðaráætlunin löngu úrelt.

Þannig datt hotninn úr þessu máli. Vonirnar, sem vöknuðu upp úr 1964, eru að engu orðnar.

Málinu virðist hafa verið stungið svefnþorn um sinn.

En í þessu máli má ekki sofa. Neyðin rekur á eftir. Það er þjóðinni til mikillar vansæmdar að bregðast sjálfsagðri skyldu sinni í þessu máli.

Í þessari stofnun er mannsefnum bjargað fyrir þjóðina á hverju ári — og lífs-
hamingju forðað frá strandi. Um þá björgun má engum neita.

Uppdrættir arkitektsins að kennsluhúsnæðinu þykja hafa vel tekizt og eru í
fullu gildi. Að því leyti stendur ekkert í vegi þess, að bygging fyrsta áfanga geti
hafizt næsta vor. — Á atvinnuleysistímum á hið opinbera að auka verklegar fram-
kvæmdir. Og nú eru einmitt slíkir tímar.

Það, sem allt strandar á, er þá peningahliðin. En hún á ekki og má ekki stöðva
þetta mál. Lánsfé verður að útvega, og það er ríkisstjórninni auðvelt verk, ef viljinn
er fyrir hendi.

Hvað mundi bankana alla saman muna um að lána ríkinu fé til eins slíks skóla?
Eða, ef þeim yrði það ofvaxið, hvað sýnist mönnum þá sjálfsagðara en að sjóðir
almannatrygginga hlupu undir baggann í bili með ríkissjóði og lánuðu fé til lausnar
slíku menningarmáli, þar til féð yrði endurgreitt með fjárveitingum á fjárlögum?

Ef svo vildi verkast, gæti seinni áfangi beðið um sinn, þar eð hugsanlegt væri
að nota núverandi húsnæði skólans sem heimavistir, þar til byggingu hins nýja
Heyrnleysingjaskóla væri að fullu lokið.

Það væri Alþingi og ríkisstjórn til sóma að leysa þetta mál af nokkrum skör-
ungsskap og láta framkvæmdir ekki dragast lengur úr hömlu.

Því vilja flutningsmenn vænta, að tillagan fái st samþykkt, áður en þessu þingi
lýkur.

Nd. 345. Frumvarp til þjóðminjalaga. [100. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

I. KAFLI

Þjóðminjasafn Íslands.

1. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenzka ríkisins. Forseti skipar þjóðminja-
vörð, sem stjórnar safninu undir yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Þjóðminjasafnið er miðstöð allrar þjóðminjavörzlu í landinu. Það skal varð-
veita íslenzkar þjóðminjar í víðasta skilningi, hvort sem eru gripir geymdir í safn-
inu sjálfu eða fornminjar og friðuð mannvirki, sem um er fjallað í sérstökum
köflum laga þessara.

3. gr.

Safnið skal vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum, svo og fornminjar
og mannvirki friðuð á þess vegum, þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar
ástæður leyfa.

4. gr.

Safnið má eigi taka við gjöfum, sem koma til fylgja, en þó getur menntamála-
ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Heimilt er að lána gripi úr safninu til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með
samþykki menntamálaráðherra.

6. gr.

Eigi má nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsingaskyni
og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminja-
varðar.

7. gr.

Safnið skal eftir megni stuðla að rannsóknnum íslenzkra þjóðminja og útgáfu fræðilegra rita og ritgerða um þær. Birta skal árlega starfsskýrslu safnsins.

8. gr.

Heimilt er að skipta safninu í deildir. Menntamálaráðherra skipar safnverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

II. KAFLI
Fornminjar.

A.

Fornleifar.

9. gr.

Til fornleifa teljast hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem mannaverk eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, meðal annars hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

10. gr.

Fornleifar, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skulu skráðar á fornleifaskrá.

Tilkynna skal landeiganda og ábúanda skráninguna og tilgreina staðinn svo nákvæmlega sem unnt er.

Skráningu fornleifar á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá, sem í hlut á.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

11. gr.

Allar fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, eru friðhelgar.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

12. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart, ef friðuð fornleif liggur undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða henni er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá, hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifinni.

13. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða nokkur annar, þar á meðal sá, sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask, er haggar við friðaðri fornleif, og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því, áður en hafizt er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim, er af frani-kvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður, hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Nú finnst fornleif, sem áður var ókunn, og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum, svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda, er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleif finnst við framkvæmd verks, skal sá, er fyrir því stendur, stöðva framkvæmd, unz fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um, hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

15. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með grefti eða á annan hátt og gera það, sem með þarf, til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

16. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim, sem á fornleifaskrá standa. Fer um það eftir ákvörðun þjóðminjavarðar hverju sinni.

B.

Forngripur.

17. gr.

Þegar fornir gripir finnast, sem liggja eða legið hafa í jörðu og eru ekki, svo að vitað í sé, í einkaeign, skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði fundinn, svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki hagga við fundinum, nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhírðu, með því að ella væri hætt á, að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. málsg. taka til allra muna, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á, og einnig til leifa af líkómum manna eða dýra, sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveizlu slíkra muna, ef sérstaklega stendur á.

18. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft vegna fundarins.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal ef um gullpeninga eða silfurpeninga er að ræða, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði. Skal annar helmingur matsfjárhæðar greiddur finnanda, en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

19. gr.

Ekki má flytja úr landi neina muni eða gripi, sem eru eldri en 100 ára, nema þjóðminjavörður leyfi. Skiptir ekki máli, hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar, úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um, ef þeir þykja sérstaklega merkilegir.

III. KAFLI

Kirkjugripir og minningarmörk.

20. gr.

Þjóðminjavörður setur á skrá þá kirkjugripi, sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur skráningar verða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður setur einnig á skrá þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum landsins, sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

21. gr.

Munir, sem á skrá eru teknir samkvæmt 20. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka, svo sem segir í 16. gr. laga um kirkjugarða nr. 21 23. apríl 1963.

22. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta kirkjugripi hvernar kirkju, og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té próföstum og sóknarnefndum, sem hlut eiga að máli.

23. gr.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi, sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um, að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveizlu gripanna.

24. gr.

Sé kirkja lögð niður, skulu gripir hennar renna til safns, samkvæmt ákvæðum um 23. gr., eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófests. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur.

Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign, ef seldir verða.

IV. KAFLI

Friðun húsa og annarra mannvirkja.

25. gr.

Friða má hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi.

Með sama skilorði má einnig friða önnur mannvirki, og skal þá beita ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við á.

26. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.

Heimilt er sveitarstjórn (bæjarstjórn eða hreppsnefnd) að ákveða friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar.

Í húsafriðunarnefnd eiga fimm menn sæti. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til 4 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar.

27. gr.

Friðuðum húsum eða húshlutum skal skipa í tvo flokka, A og B. Ef hús er friðuð að í heild, telst það til A-flokks, en taki friðun aðeins til ytra borðs húss eða hluta af ytra eða innra borði, skal húsið talið til B-flokks.

28. gr.

Halda skal skrá um friðuð hús eða húshluta.

Ákvörðun um friðun skal tilkynna húseiganda, öðrum, sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn

Alþt. 1968. A. (89. löggjafarþing).

157

og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu, hvort eign er friðuð í A-flokkki eða B-flokkki, og því nánar lýst, til hvers friðun taki.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign þá, sem í hlut á. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd, ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

29. gr.

Friðun á húsi eða húshluta ber öllum að hlíta, þar á meðal hverjum þeim, sem réttindi eiga í eigninni, og án tillits til, hvenær réttur þeirra er til orðinn.

30. gr.

Óheimilt er án leyfis húsafriðunarnefndar að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign í A-flokkki og á ytra byrði húsa eða húshlutum í B-flokkki. Viðhald skal framkvæmt á þann hátt, að það breyti í engu upphaflegum svip eða gerð hússins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús.

Nú vill eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til samkvæmt 1. málsg. og skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni, hvort heldur samþykki eða synjun. Nú setur nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu, að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti, öðrum en þeim, sem í umsókn greinir, og er eiganda þá skylt að hlíta því, ef hann hverfur ekki frá framkvæmdum, enda skal hann þá fá greiddan aukakostnað, sem af breytingu nefndarinnar leiðir.

31. gr.

Ef slíkar breytingar, sem um er getið í 1. málsg. 30 gr., hafa verið gerðar án leyfis húsafriðunarnefndar, getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið eða húshlutann í hið fyrra horf innan hæfilegs frests. Nú sinnir eigandi ekki fyrir mælum nefndarinnar, og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

32. gr.

Ef vanrækt er viðhald húss í A-flokkki eða ytra borðs húss eða húshluta í B-flokkki, getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda eða afnotahafa að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur, án þess að úr sé bætt, og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda eða afnotahafa.

33. gr.

Nú verður friðlýst eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum, og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðizt verður í endurbyggingu, gilda ákvæði 30. gr.

34. gr.

Nú samþykkir eigandi húss eða húshluta friðun, þar á meðal að hús verði hvorki rífið né flutt af stað sínum, og skal þá þinglýsa sérstaklega yfirlýsingu hans um það, enda bindur hún þá einnig síðari eigendur eða aðra réttihafa að eigninni.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir, getur húsafriðunarnefnd veitt eiganda styrk til viðhalds á eigninni, ef hún telur það sanngjarnt vegna friðunarákvæða, enda hafi verið veitt fé á fjárlögum í þeim tilgangi. Hafi friðun verið ákveðin samkvæmt 2. mgr. 26. gr., ákveður sveitarstjórn styrkinn og greiðist hann úr sveitarsjóði.

35. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss eða húshluta, sem ákvæði 34. gr. taka ekki til, rífa húsið eða flytja það af stað sínum, og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning, skal, að framkvæmd lokinni, aflýsa friðunarkvöðinni. Hafi sveitarstjórn ákveðið friðun, sendir nefndin henni erindið til ákvörðunar á sama hátt.

Ef ráðherra samþykkir ekki umsóknina, getur hann, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar, gert ráðstafanir til þess, að ríkið eignist hina friðuðu eign ásamt tilheyrandi lóð eða lóðarhluta, þar á meðal með eignarnámi, ef á þarf að halda. Hið sama gildir um sveitarstjórn, sem ákveðið hefur friðun.

Nú hefur ríkið eignast friðaða eign samkvæmt ákvæðum 2. málsg. og er því þá heimilt að selja hana aftur, eftir að þinglesin hefur verið sérstök friðunarkvöð í samræmi við 1. málsg. 34. gr. Um styrk til viðhalds gilda þá einnig ákvæði 2. málsg. 34. gr. Hið sama gildir um sveitarstjórn, eftir því sem við á.

Óheimilt er eiganda friðlýstrar eignar að rífa hana eða flytja af stað sínum, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 1. málsg. eða yfirlýsingu húsafriðunarnefndar um, að kaup eða önnur yfirtaka á eigninni af hálfu ríkisins eða sveitarstjórnar muni ekki fram fara.

36. gr.

Ef byggingarnefnd verður vör við, að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið, skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

37. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðlýstri eign, sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

38. gr.

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Byggðasöfn.

39. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn, sem sveitarfélög (bæjarfélög, sýslufélög, hreppar) hafa sett eða setja á stofn í þeim tilgangi, sem í 40. gr. segir, enda hafi menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, viðurkennt safnið.

Ef tvö eða fleiri sveitarstjórnarumdæmi standa að sama byggðasafni, skulu þau gera um það samþykkt, þar sem meðal annars séu ákvæði um stað safnsins, eignarrétt aðila að því, þátttöku í kostnaði við það og ráðningu gæzlumanns.

Þau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar skv. eldri lögum, skulu halda henni framvegis, þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

40. gr.

Hlutverk byggðasafns er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi. Einkum ber að leggja stund á söfnun muna, sem hafa listrænt gildi eða notagildi í daglegu lífi þjóðarinnar, en eru að víkja eða hverfa úr sögunni vegna breyttra þjóðháttar. Sérstaklega ber hverju safni að leggja áherzlu á öflun muna, sem telja má sérkennilega fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir.

41. gr.

Ef friðað hús í eign ríkis eða sveitarfélags er til á byggðasafnssvæði, er stjórn byggðasafns heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að varðveita þar muni, sem til safnsins heyra, einkum þó þá muni, sem á sínum tíma tíðkaðist að nota í slíkum byggingum.

42. gr.

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á aðili þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjavörður húsnæðið og stofnkostnað.

Laun gæzlumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaverði, greiðist að hálfu úr ríkissjóði.

43. gr.

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu, getur menntamálaráðherra, að tillögu þjóðminjavarðar, ákveðið, að gripir þess skuli renna til þjóðminjasafnsins og verða eign þess upp frá því.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

44. gr.

Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

45. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum, sem út eru gefin vegna framkvæmdar á lögum þessum.

46. gr.

Brot gegn ákvæðum 11.—14. gr., 1. málsg. 17. gr., 19. gr., 21. gr., 29. gr., 30. gr., 33. gr., 4. málsg. 35. gr. og 36. gr. varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt 177. gr. almenura hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

47. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja, og lög nr. 8 12. febr. 1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
 - a. (1. gr.) Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 3. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
 - b. (2. gr.) Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
 - c. (3. gr.) Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 9. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
 - d. (4. gr.) Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 11. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
2. Við 1. gr. (verður 5. gr.). Greinin orðist þannig:
 12. gr. laganna breytist sem hér segir:
 - a. 4. mgr. orðist svo:

Útan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a-b-liða 1. mgr. og að fengnu samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga á þeim tíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.
 - b. Fyrir „kr. 4000.00“ í 7. mgr. komi: kr. 10 000.00.
3. Á eftir 1. gr. komi ný grein (verður 6. gr.), svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
4. Við 2. gr. (verður 7. gr.). Greinin orðist þannig:
 14. gr. laganna breytist sem hér segir:
 - a. Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
 - b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.
5. Á eftir 2. gr. komi ný grein (verður 8. gr.), svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ í 2. mgr. 15. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
6. Við 3. gr. (verður 9. gr.). Greinin orðist þannig:
 16. gr. laganna orðist svo:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

7. Við 4. gr. (verður 10. gr.). Greinin orðist þannig:
 17. gr. laganna breytist sem hér segir:
- a. Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, og í stað orðanna „Áfengisverzlunar ríkisins“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.
 - b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
 Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstaafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu.
8. Á eftir 6. gr. (verður 12. gr.) komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
- a. (13. gr.) 2. másl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:
 Um ákvörðun launa hans fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
 - b. (14. gr.) 29. gr. laganna orðist svo:
 Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal árlega leggja í gæzlustarsjóð framlag eins og ákveðið er í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (nr. 39 19. maí 1964), og fer um meðferð fjár þessa eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnar, sbr. nefnd lög.
9. Á eftir 7. gr. (verður 15. gr.) komi fimm nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
- a. (16. gr.) 33. gr. laganna breytist sem hér segir:
 - a) Sektarákvæði í 1. mgr. 1. tölul. breytist þannig, að í stað „4000—20000“ komi: 10000—50000, í stað „8000—40000“ komi: 20000—100000, og í stað „16000—80000“ komi: 40000—200000.
 - b) 4. mgr. 1. tölul. orðist svo:
 Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja meg það verulegan hluta af farmi þess, skal heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.
 - c) Sektarákvæði í 2. tölul. breytist þannig, að í stað „400—12000“ komi: 1000—30000.
 - b. (17. gr.) Sektarákvæði í 34. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.
 - c. (18. gr.) Sektarákvæði í 36. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.
 - d. (19. gr.) Sektarákvæði í 37. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.
 - e. (20. gr.) 38. gr. laganna orðist svo:
 Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrir mæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 40. gr.
10. Við 8. gr. (verður 21. gr.). Í stað „1500—15000“ komi: 2000—20000, og í stað „3000—30000“ komi: 4000—50000.
11. Við 9. gr. (verður 22. gr.). Greinin orðist þannig:
 40. gr. laganna breytist sem hér segir:
- a) Í stað orðanna „veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926“ í 1. mgr. komi: veitingastarfsemi eða gististaðahalds samkvæmt lögum um veitingasölu og gististaðahald o. fl. (nr. 53 20. apríl 1963).
 - b) Sektarákvæði í niðurlagi greinarinnar breytist þannig, að í stað „200—4000“ komi: 500—10000.

12. Við 10. gr. (verður 23. gr.). Í stað „500—2000“ í 1. mgr. komi: 500—5000, og í stað „1000—10000“ í 2. mgr. komi: 1000—20000.
13. Við 11. gr. (verður 24. gr.). Í stað „500—8000“ í 1. mgr. komi: 500—20000, og í stað „1000—16000“ í sömu mgr. komi: 1000—40000.
14. Við 12. gr. (verður 25. gr.). Í stað „500—5000“ í 1. mgr. komi: 500—10000, í stað „500—4000“ í sömu mgr. komi: 500—5000, og í stað „500—10000“ í 2. mgr. komi: 500—20000.
15. Við 14. gr. (verður 27. gr.). Í stað „800—4000“ komi: 1000—5000, og í stað „1600—8000“ komi: 2000—10000.
16. Við 15. gr. (verður 28. gr.). Í stað „500—20000“ komi: 500—40000.

Sb. 347. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um fullkomna kvensjúkdómadeild við Fæðingardeild Landsspítalans.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða sem mest má verða stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans.

Tryggt verði með stækkuninni, að sérstök kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga fá góða aðstöðu og nægilegt húsrými í hinn nýju byggingu.

Greinargerð.

Fæðingardeild Landsspítalans mun hafa tekið til starfa árið 1952. Tilkoma deildarinnar bætti úr nikilli og brýnni þörf, en brátt kom í ljós, að húsrými var all of lítið til þess að anna þeim margvíslegu verkefnum, sem deildinni voru falin. Voru gerðir uppdrættir að stækkun fæðingardeildarinnar á árunum 1956 og 1957, en ekkert hefur orðið úr framkvæmdum. Þó hafa verkefnið að sjálfsögðu aukizt og margfaldazt á þeim 12 árum, sem síðan eru liðin, og er nú svo komið, að ástandið er orðið óþolandi. Þess vegna er ofanrituð tillaga flutt.

Flutningsmanni hefur sem öðrum þingmönnum horizt samþykkt, sem gerð var á aðalfundi Bandalags kvenna í Reykjavík á liðnu hausti.

Í samþykkt bandalagsins er stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans talin **bryn nauðsyn** og sérstök áherzla lögð á, að með stækkuninni verði sérstakri kvensjúkdómadeild tryggð fyllsta aðstaða til nútíma geislalækninga. Einmitt þetta er efni þeirrar þingsályktunartillögu, sem hér er um að ræða.

Í greinargerð Bandalags kvenna koma fram margvíslegar átakanlegar og ótrúlegar upplýsingar um ástand þessara mála, svo sem þær, að þarna sé engin setustofa, að salerni séu fá og ekki til fyrirmyndar, að allar aðstæður á kvensjúkdómadeildinni séu þannig, að hæpið megi teljast, að hægt verði að fá fólk til að vinna við slík skilyrði o. s. frv.

Í greinargerð Bandalags kvenna, sem undirrituð er af ekki ómerkari aðila en dr. Guðrúnu P. Helgadóttur skólastjóra Kvennaskólans, segir enn fremur:

„Hér vantar ekki aðeins sjúkrarúm — heldur svo að segja allt svigrúm til starfa, t. d. er aðeins ein skurðstofa á stofnuninni og þar fara allar aðgerðir fram, nánar til tekið á níunda hundrað aðgerðir á ári, hvort sem um er að ræða keisaraskurð, afbrigðilegar fæðingar eða krabbamein, á hvaða stigi sem er.“

Þetta er átakanleg lýsing á ástandi stofnunarinnar, en því miður óefað sönn.

Nýlega birtist í Læknablaðinu (54. árg. 5. kafli) gagnmerk grein eftir Guðmund Jóhannesson lækni, — einn okkar færasta sérfræðing í kvensjúkdómum. Þar segir, að á vissu árabili, er hann tilgreinir, hafi ein af hverjum þremur konum með krabba-

mein í leghálsi bjargast hér á landi, en miðað við árangur þeirra þjóða, sem lengst séu komnar á þessu sviði, eigi að vera hægt að bjarga tveimur af hverjum þremur konum með þennan sjúkdóm.

Þetta eru allalvarlegar upplýsingar — en því miður upplýsingar, sem ekki verða rengdar.

Það undirstrikar Guðmundur læknir í grein sinni, að árangur meðferðar þessa sjúkdóms, eins og krabbameins yfirleitt, sé að verulegu leyti undir því kominn, að sjúkdómurinn sé greindur á byrjunarstigi.

Með þessi orð læknisins í huga skal nú aftur vikið að greinargerð Bandalags kvenna, en þar segir orðrétt:

„Í leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands hefur verið unnið mikið og gott starf undanfarin ár, og þar hafa fundizt ýmis grunsamleg tilfelli, sem unnt hefur verið að lækna vegna þess, að sjúkdómurinn reyndist á lágu stigi.“

En svo kemur það alvarlega og ég vil segja, óhugnanlega, því að í beinu framhaldi af þessu segir í greinargerðinni:

„En finnist grunsamlegt tilfelli, liggur leið þessa sjúklings ekki beint inn á deildina, sem þó er talið nauðsynlegt, heldur skrifast nafn sjúklingsins á biðlista deildarinnar.“

Það liggur við, að hárin rísi á höfði manns við að horfast í augu við svo ógeðfelldar staðreyndir. Tólf ára bið á stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans er orðin þjóðinni dýr — svo dýr, að við höfum á því engin efni að láta þá framkvæmd lengur dragast. — Verður því að vænta þess, að heilbrigðismálastjórnin snúi sér að framkvæmd þessa máls með forgangshraði.

Ed. 348. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxta-bréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1961—1968, að báðum árunum meðtöldum.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum skv. lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvilandi lánnum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum að viðhættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til bankavaxta-bréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmid laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum þessum gefst bændum, sem miklar lausaskuldir hvila á vegna framkvæmda á jörðum undanfarin ár, kostur á að breyta þeim skuldum í föst lán.

Sama ráðstöfun var gerð með lögum nr. 15 31. marz 1962 og reyndist það mjög vel. Svipað hefur verið gert með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu.

Einnig hefur iðnfyrirtækjum verið gefinn kostur á með lögum nr. 87 20. desember 1968 að breyta lausaskuldum í föst lán.

Brýn nauðsyn ber til að rétla nú hag þeirra bænda, sem safnað hafa miklum lausaskuldum, og bæta búrekstraraðstöðu þeirra með því að gefa þeim kost á að breyta skuldum sínum í föst lán.

Af þeim sökum er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 349. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um endurskoðun laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Flm.: Björgvin Salómonsson, Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir næsta regluglegt Alþingi tillögur um breytingar á lögum um lánasjóð íslenzkra námsmanna, er tryggi íslenzkum stúdentum við nám erlendis eigi lakari námskjör en stúdentar viðkomandi lands njóta.

Greinargerð.

Á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi kom fram, að ríkisstjórn Íslands hefur farið þess á leit við ríkisstjórn Svíþjóðar, að íslenzkum stúdentum, er nám stunda við þarlenda háskóla, verði gert kleift að halda því áfram með sérstökum styrkjum frá sænska ríkinu. Mun málið hafa fengið vinsamlegar undirtektir og vera nú í athugun hjá sænsku ríkisstjórninni.

Það er öllum ljóst, að íslenzkir námsmenn erlendis eiga í miklum og vaxandi erfiðleikum eftir síðustu gengisfellingu krónunnar, og við búið, að þeir verði margir hverjir að hverfa frá námi, ef ekki kemur til stóraukin opinber aðstoð við þá til þess að gera þeim unnt að kljúfa námskostnað sinn. Málaleitan íslenzku ríkisstjórnarinnar verður naumast skilin á annan veg en fullkomin viðurkenning á þessum staðreyndum.

Alpt. 1968. A. (89. löggjafarþing).

158

Allmiklar umræður urðu á Alþingi um kjör íslenzkra stúdenta erlendis eftir síðustu gengisfellingu, og m. a. hafnaði ríkisstjórnin öllum tillögum, sem gengu svo langt að tryggja það fullkomlega, að íslenzkir stúdentar erlendis hrökkludust ekki heim frá námi sínu vegna afleiðinga gengisfellingarinnar. Þær bætur, sem ríkisstjórnin taldi þá fullnægjandi, nálgast engan veginn það mark. Af þrautagöngu forsætisráðherra á fund sænskra stjórnarvalda í þessu máli má ætla, að ríkisstjórnin hafi nú gert sér þetta ljóst.

En að sjálfsögðu eiga allir íslenzkir stúdentar erlendis jafnan siðferðilegan rétt á sambærilegri fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins. Flutningsmenn leggja því til, að endurskoðuð verði lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna með það fyrir augum að tryggja íslenzkum stúdentum eigi lakari námskjör en tíðkast meðal annarra menningarþjóða.

Sþ.

350. Nefndarálit

[19. mál]

um till. til þál. um kosningu millipinganeftar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar tillögu. Meiri hlutinn vill vísa henni til ríkisstjórnarinnar. En minni hlutinn leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Að okkar dómi fjallar þessi þáttill. um mál, sem er í senn yfirgripsmikið og ákaflega mikilvægt. Verzlun með útflutningsvörur landsmanna er háð leyfum, og hefur svo verið um árabil. Skipulag og framvæmd þessara mála hefur sætt mikilli gagnrýni. Og þau eru þannig vaxin, að nauðsynlegt er að taka þau til rækilegrar yfirvegunar öðru hverju. Í tillögunni er gert ráð fyrir, að þingkjörin nefnd framkvæmi slíka athugun nú og skili álit til Alþingis svo fljótt sem við verður komið. Virðist það í mesta máta eðlilegt, að Alþingi sjálf taki til endurskoðunar stórmál sem þetta og þá ekki sízt þegar hörð og mjög almenn gagnrýni er uppi höfð.

Allsherjarnefnd hefur sent þingsályktunartillöguna allmörgum aðilum til umsagnar, og hafa fimm þeirra skilað álit.

Landssamband ísl. útvegsmanna telur tillöguna óþarfa og vitnar til samþykktar samtakanna um nauðsyn skipulags í útflutningsverzluninni. — En í tillögunni er raunar engin afstaða tekin til þess eða annarra efnisatriða málsins.

Seðlabankinn telur nauðsynlegt að endurskoða lög og reglur um útflutningsverzlunina við og við. Hann greinir og frá endurskoðun tiltekinna atriða, sem nýlega hefur farið fram á vegum bankanna, en tekur ekki beina afstöðu til tillögunnar.

Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda og Farmanna- og fiskimanna-samband Íslands mæla eindregið með samþykkt tillögunnar.

Umsagnir þessara aðila verða prentaðar hér á eftir sem fylgiskjöl.

Minni hluti allsherjarnefndar telur fyllilega tímabært að skoða nú að nýju fyrir-mæli laga og reglugerða um útflutningsverzlun Íslendinga, svo og framkvæmdina, telur enda sjálfsagt að verða við hinum almennu óskum borgaranna um slíka endurskoðun og leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 12. marz 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
frsm.

Jónas Jónsson.

Geir Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 24. febrúar 1969.

Vísun til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis frá 5. nóvember 1968, ásamt þar með fylgjandi tillögu til þingsályktunar um kosningu millipinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Á aðalfundum samtakanna hin síðari ár hefur verið samþykkt eftirfarandi ályktun varðandi þessi mál:

„Aðalfundur L.Í.Ú. telur, að sala á íslenskum sjávarafurðum eigi að vera í höndum samtaka framleiðendanna sjálfra í hverri framleiðslugrein, og telur það mjög varhugavert, að í þeim greinum útflutningsins, þar sem slík sölusamtök framleiðendanna eru starfandi, sé einstökum aðilum veitt aðstaða til þess að sitja að beztu mörkuðunum og vera lausir við að selja á óhagstæðari mörkuðum og taka þátt í kostnaði við að vinna nýja markaði. — Reynslan hefur og sýnt, að framboð frá mörgum aðilum á útflutningsafurðum hefur oft haft áhrif til óeðlilegs verðfalls þeirra.“

Samtökin álíta fyrir sitt leyti, að nefndarskipun sé óþörf, þar sem þau telja eðlilegt, að útflutningsverzlun landsmanna eigi að vera á sama hátt og hún hefur verið hin síðari ár, þ. e. sem mest í höndum framleiðenda sjálfra, sbr. og það, sem fram kemur í ofangreindri ályktun.

Vér viljum að endingu biðjast velvirðingar á þeim drætti, sem orðið hefur á að svara erindi yðar.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands isl. útvegsmanna,
Gunnar I. Hafsteinsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 29. nóvember 1968.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur í bréfi, dags. 5. þ. m., leitað umsagnar Seðlabankans um tillögu til þingsályktunar um kosningu millipinganefndar til að endurskoða lög og reglugerðir um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Þau stjórnvöld, sem fjalla um hér umrædd mál, eru útflutningsdeild viðskiptaráðuneytisins á vegum ríkisstjórnarinnar með markaðsmál, veðspursmál og leyfaveitingar, gjaldeyrisbankarnir og einkum Seðlabankinn með stjórn gjaldeyriseftirlits og tollyfirvöld.

Þær lagareglur, sem einkum fjalla um þessi mál og varða bankana, eru lög 30/1960, um innflutnings- og gjaldeyrismál o. fl., sjá 8. gr. reglugerðar um sölu og útflutning á vörum, nr. 95/1960, og reglugerð nr. 79/1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sjá einkum 18.—21. gr.

Mál, er varða útflutningsverzlun og gjaldeyrisskil, eru þannig vaxin, að nauðsyn ber til að reglur, sem um þau gilda, séu endurskoðaðar reglulega með tilliti til breytinga, sem eiga sér stað í framkvæmd útflutningsverzlunarinnar.

Einmitt með tilliti til þess var snemma árs 1967, að frumkvæði gjaldeyrisbankanna þriggja og í samráði við viðskiptaráðherra, skipuð nefnd manna til þess að fjalla um skil útfluttra afurða og gera tillögur um breytingar á reglum, eftirliti og allri framkvæmd, er þau snertir.

Skilaði nefndin allýtarlegu álitni ásamt tillögum, dags. 8. apríl s.l. Miða tillögurnar að því að gera framkvæmd þessara mála traustari. Fylgir álit nefndarinnar hér með til upplýsinga fyrir allsherjarnefnd.

Á grundvelli tillagna nefndarinnar hafa verið gerðar ýmsar breytingar á framkvæmd þessara mála, einkum að því er snertir meðferð og innheimtu útflutnings-skjala, en þær tillögur eru að verulegu leyti komnar til framkvæmda svo og endurskoðuð útgáfa útflutningsleyfa.

Unnið er að frekari framkvæmd tillagnanna.

Að lokum vill Seðlabankinn láta í ljós þá skoðun sína, að í löggjöf um þessi mál er einungis unnt að marka heildarstefnu, en um reglur um framkvæmd hinnar tæknilegu hliðar málanna verður réttast og bezt fjallað af sérfróðum mönnum á vegum ráðuneytis, gjaldeyrisbanka og tollyfirvalda.

Virðingarfyllst,
Seðlabanki Íslands,
Davíð Ólafsson. Bj. Tryggvason.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal III.

ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Reykjavík, 18. nóvember 1968.

Alpýðusambandinu hefur verið send tillaga til þingsályktunar um kosningu millipinganeftar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrisból.

Tillagan var rædd á miðstjórnarfundum sambandsins, og var það samdóma álit miðstjórnarmanna, að fyllilega væri tímabært að hraða endurskoðun laga og reglugerða um útflutningsverzlunina og þá eigi síður allt um gjaldeyrisból.

Þá er einnig æskilegt, að kannað verði rækilega, hvernig framkvæmd þessara laga og reglugerða sé nú.

Alpýðusambandið mælir því með samþykkt tillögunnar á þessu þingi og telur æskilegt, að þessu endurskoðunarstarfi gæti orðið lokið sem fyrst.

Virðingarfyllst,
Alpýðusamband Íslands,
Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal IV.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 16. desember 1968.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 19. nóv. 1968 var samþ. eftirfarandi bókun:

„Lagt fram erindi, dags. 5. þ. m., frá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um till. til þál. um kosningu millipinganeftar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrisból. Óskað er svars fyrir 1. des. n.k. Samþykkt var að mæla með því, að nefnd þessi verði skipuð.“

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Stéttarsambands bænda,
Gunnar Guðbjartsson. Sæm. Friðriksson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 18. nóvember 1968.

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands hefur borizt heiðrað bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 5. 11. 1968, þar sem óskað er umsagnar sambandsins á tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 19, um kosningu millipinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Sambandið hefur athugað tillögu þessa á tveim fundum í stjórn sambandsins, og viljum vér í þessu sambandi taka fram, að vér teljum alveg tímabært, ef ekki nauðsynlegt, að sú endurskoðun fari fram, sem í tillögunni er greint frá, og að henni verði hraðað eftir föngum.

Viljum vér því skora á Alþingi að samþykkja þessa tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 19.

Virðingarfyllst,
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands,
Ingólfur Stefánsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Ed. 351. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 13. marz 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Axel Jónsson.	Björgvin Salómonsson. Einar Ágústsson.	Björn Fr. Björnsson.

Ed. 352. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum um ættleiðingu, nr. 19 11. febrúar 1953.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í stað „21 árs“ í 6. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um lækkun á aldursmörkum að því er varðar kosningarétt og kjörgengi, stofnun hjúskapar og fjárræði, þannig að 21 árs aldursmarki var breytt í 20 ára.

Telja verður, að sömu sjónarmið eigi við um aldursmark það, sem getið er um í 6. gr. laga um ættleiðingu, og er því lagt til, að þar verði einnig miðað við 20 ára aldur.

Ed. 353. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í stað „21 árs“ í 2. mgr. 4. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um lækkun á aldursmörkum að því er varðar kosningarétt og kjörgengi, stofnun hjúskapar og fjárræði, þannig að 21 árs aldursmarki var breytt í 20 ára.

Telja verður, að sömu sjónarmið eigi við um aldursmark það, sem getið er um í 2. mgr. 4. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, og er því lagt til, að þar verði einnig miðað við 20 ára aldur.

Sþ. 354. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1969—72.

(Lögð fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, að árin 1969—1972 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1969	1970	1971	1972
1.1 Benzínjaldi	332.9	344.1	370.1	397.5
1.2 Þungaskatti	130.1	138.8	147.4	156.0
1.3 Gúmmíjaldi	39.4	47.6	53.6	58.0
Brúttó tekjur	502.4	530.5	571.1	611.5
Endurgreiðslur af:				
1.1.1 Benzínjaldi	11.5	12.0	12.0	12.0
1.2.1 Þungaskatti	8.0	8.0	8.0	8.0
Nettó tekjur	482.9	510.5	551.1	591.5

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. króna.)

2.1 Stjórn og undirbúningur:	1969	1970	1971	1972
2.1.1 Launagreiðslur	10.9	12.1	12.8	13.4
2.1.2 Eftirlaunagreiðslur	1.3	1.3	1.5	1.5
2.1.3 Skrifstofukostnaður	4.8	5.0	5.0	5.0
2.1.4 Verkfræðilegur undirbúningur ..	4.0	4.0	4.0	4.0
2.1.5 Umferðartalning og eftirlit	1.5	1.5	1.5	1.5
	22.5	23.9	24.8	25.5

2.2 Viðhald þjóðvega:							
2.2.1 Viðhaldskostnaður þjóðvega . . .	175.0	197.4	206.9	211.9			
2.2.2 Vegmerkingar	1.5	1.5	1.5	1.5			
2.2.3 Tryggingagj., orlof o. fl.	5.7	6.1	6.4	6.6			
	-----	182.2	-----	205.0	-----	214.8	-----
							220.0
2.3 Til nýrra þjóðvega:							
2.3.1 Til hraðbrauta	50.0	85.0	100.0	125.0			
2.3.2 Til þjóðbrauta	34.9	29.0	31.0	33.0			
2.3.3 Til landsbrauta	20.0	23.0	25.0	26.3			
2.3.4 Til girðinga og uppgræðslu	4.0	4.0	4.0	4.0			
2.3.5 Tryggingagj., orlof o. fl.	3.2	4.1	4.8	6.0			
	-----	112.1	-----	145.1	-----	164.8	-----
							194.3
2.4 Til fjallvega o. fl.:	1969	1970	1971	1972			
2.4.1 Til aðalfjallvega	1.0	1.1	1.1	1.1			
2.4.2 Til annarra fjallvega	1.4	1.5	1.5	1.6			
2.4.3 Til reiðvega	0.2	0.2	0.2	0.2			
2.4.4 Tryggingagj., orlof o. fl.	0.1	0.1	0.1	0.1			
	-----	2.7	-----	2.9	-----	2.9	-----
							3.0
2.5 Til brúargerða:							
2.5.1 Til brúa 10 m og lengri	34.0	35.2	40.0	40.0			
2.5.2 Til smábrúa	5.8	6.0	6.8	8.5			
2.5.3 Tryggingagj., orlof o. fl.	1.2	1.2	1.4	1.5			
	-----	41.0	-----	42.4	-----	48.2	-----
							50.0
2.6 Til sýsluvegasjóða:		17.1	17.5	17.5		17.5	17.5
2.7 Til vega í kaupstöðum og kaupstúnum		54.1	53.2	56.4		58.3	58.3
2.8 Til véla- og áhaldakaupa:							
2.8.1 Til véla -og verkfærakaupa	14.0	14.0	15.0	16.0			
2.8.2 Til byggingar áhaldahúsa	3.0	4.0	4.0	4.0			
	-----	17.0	-----	18.0	-----	19.0	-----
							20.0
2.9 Til tilrauna í vegagerð:		2.4	2.5	2.7		2.9	2.9
2.10 Til greiðsluhalla á vegáætlun 1968:		31.8					
Samtals		482.9	510.5	551.1		591.5	591.5

III. FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

A. Reykjaneskjördæmi.

a. Almennir þjóðvegir.

- A 1 **Hafnarfjarðarvegur:** Frá Reykjavík, um Kópavog á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
- B 1 **Vesturlandsvegur:** Frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu í Hvalfjarðarbotni.
- G 1 **Suðurlandsvegur:** Frá Reykjavík um Lækjarbotna, að sýslumörkum Árnes-sýslu ofan Sandskeiðs.
- A 2 **Reykjanesbraut:** Frá Reykjavík við Elliðaár austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík um Miðnesheiði til Sandgerðis ásamt álmu að Innri-Njarðvík.
- A 3 **Krýsuvíkurvegur:** Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krýsuvík að Sýslusteini í Herdisarvíkurhrauni.
- A 4 **Vatnsleysustrandarvegur:** Af Reykjanesbraut við Kúagerði um Vatnsleysuströnd og Voga á Reykjanesbraut austan Vogastapa.
- A 5 **Grindavíkurvegur:** Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
- A 6 **Nesvegur:** Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum um Kirkjuvog í Höfnum, framhjá Reykjanesvita, um Grindavík og Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.

- A 9 **Garðskagavegur:** Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að Stafnesi.
 - A 11 **Álftanesvegur:** Af Hafnarfjarðarvegi við Engidal að Bessastöðum ásamt hringvegi frá Bessastöðum um Landakot og Sviðholt að Bessastöðum.
 - A 13 **Garðavegur:** Af Álftanesvegi á Garðaholti um Garða að bæjarmörkum Hafnarfjarðar.
 - A 15 **Ellidavatnsvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaðavatn á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar, ásamt álmu að Vífilsstöðum.
 - A 20 **Úlfarsárvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Korpúlfsstaðaá hjá Úlfarsfelli á Reykjaveg.
 - A 21 **Reykjavegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan við Álafoss um Reykjahverfi hjá Miðdal á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.
 - G 3 **Þingvallavegur:** Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl að sýslumörkum Árnessýslu, austan Leirvogsvatns.
 - A 23 **Eyrarfjallsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
 - A 24a **Meðalfellsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan Vindáss.
 - A 24 **Kjósarskarðsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Laxár um Reynivelli, Vindás og Fremri-Háls að sýslumörkum í Kjósarskarði.
- b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli og fullgerð raforkuver.

Nr.	—	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
B	1—	1	Keldum.								
B	1—	2	Lágafellskirkju.								
B	1—	3	Brúarlandsskóla.								
B	1—	4	Varmárskóla.								
B	1—	5	Hlégarði, félagsheimili.								
B	1—	6	Fólkvangi, félagsheimili.								
B	1—	7	Klébergsskóla.								
B	1—	8	Brautarholtskirkju og Arnarholtshæli.								
B	1—	9	Saurbæjarkirkju.								
B	1—	10	Félagsgarði, félagsheimili.								
A	2—	1	Vífilsstaðahæli.								
A	4—	1	Kálfatjarnarkirkju.								
A	4—	2	Brunnastaðaskóla.								
A	4—	3	Félagsheimili Vatnsleysustrandarhrepps.								
A	6—	1	Kirkjuvogskirkju.								
A	6—	2	Skóla í Höfnum.								
A	9—	1	Gerðaskóla.								
A	9—	2	Útskálakirkju.								
A	9—	3	Félagsheimili Gerðahrepps.								
A	9—	4	Hvalsneskirkju.								
A	11—	1	Bessastaðakirkju.								
A	11—	2	Bjarnastaðaskóla.								
A	13—	1	Félagsheimili Garðahrepps.								
A	13—	2	Garðakirkju.								
A	20—	1	Úlfarsárhæli.								
A	20—	1	Reykjalundi, heilsuhæli.								
G	3—	1	Mosfellskirkju.								
A	24—	1	Ásgarði, skóla.								
A	24—	2	Reynivallakirkju.								

B. Vesturlandskjördæmi.

a. Almennir þjóðvegir.

- B 1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, um brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum, á vegamót Borgarnesbrautar norðan Eskiholts, um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svinadal og Saurbæ að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
- B 2 Dragavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd, um Ferstikluháls, Svinadal, Geldingadruga, neðan Skorradalsvatns um Hestháls að Lundarreykjadalssvegi á Götuási.
- B 3 Svinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri, að Dragavegi gegnt Geitabergi.
- B 4 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
- B 5 Akrafjallsvegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall hjá Klafastöðum, um Innra-Hólm á Akranesveg fyrir ofan kaupstaðinn.
- B 6 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbú um Leirá að Svinadalsvegi vestan við Hól.
- B 7 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit að Vesturlandsvegi sunnan við Höfn, með álmu á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
